

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1911**

2022/EES/47/02

frá 27. október 2021

um breytingu á II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar sjúkdómslausa stöðu sjálfstjórnarhéraðsins Galicia og sjálfstjórnarhéraðsins Principado de Asturias á Spáni vegna sýkingar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*, um breytingu á VIII. viðauka við hana að því er varðar sjúkdómslausa stöðu sjálfstjórnarhéraðsins Islas Baleares, sýslanna Huelva og Sevilla og svæðanna Azuaga, Badajoz, Mérida, Jerez de los Caballeros og Zafra í sýslunni Badajoz á Spáni og svæðisins Alentejo og héraðsins Santarém á svæðinu Lisboa e Vale do Tejo í Portúgal vegna sýkingar af völdum blátunguveiru, um breytingu á IX. viðauka við hana að því er varðar sjúkdómslausastöðu Álandseyja í Finnlandi vegna meindýrasmits af völdum *Varroa* spp og um breytingu á XIII. viðauka við hana að því er varðar sjúkdómslausa stöðu Danmerkur og Finnlands vegna iðradreps (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis („lög um dýraheilbrigði“) (1), einkum 4. mgr. 36. gr. og 4. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um sértækar sjúkdómsbundnar reglur um sjúkdómana sem skráðir eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hennar, mælt fyrir um hvernig eigi að beita þessum reglum gagnvart mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma og einnig kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki eða afturkalli sjúkdómalaus stöðu aðildarríkja eða svæða þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 (2) bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og í henni er mælt fyrir um skilyrði fyrir því að veita þá stöðu að vera laus við sjúkdóma, viðhalda henni, fella hana tímabundið úr gildi og afturkalla hana.
- 3) Í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 (3) er skrá yfir aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómalaus stöðu. Meðal annars eru skráð svæði í I. hluta II. viðauka við hana sem eru laus við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*Mycobacterium bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*), svæði í I. hluta VIII. viðauka við hana sem eru laus við sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24), svæði í IX. viðauka við hana sem eru laus við meindýrasmit af völdum *Varroa* spp. og svæði eða hól í I. hluta XIII. viðauka við hana sem eru með sjúkdómalaus stöðu gagnvart iðradrepi (IHN-veiki).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 389, 4.11.2021, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominnna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78).

- 4) Breytilegar faraldsfræðilegar aðstæður varðandi tiltekna sjúkdóma valda því að breyta þarf II., VIII., IX. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til að skrá ný sjúkdómalaus aðildarríki eða svæði og afskrá svæði þar sem uppkoma sjúkdóma er staðfest og þar af leiðandi eru skilyrðin fyrir að viðhalda sjúkdómalausri stöðu ekki lengur uppfyllt.
- 5) Spánn lagði upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu vegna sýkingar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í sýslunum La Coruña, Orense og Lugo í sjálfstjórnarhéraðinu Galicia. Fjórða sýslan í því sjálfstjórnarhéraði, Pontevedra, var skráð sem svæði sem er laust við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* í I. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Þess vegna ætti að skrá allt sjálfstjórnarhéraðið Galicia sem svæði sem er laust við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*.
- 6) Spánn lagði upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu vegna sýkingar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í sjálfstjórnarhéraðinu Principado de Asturias. Þess vegna ætti að skrá það sjálfstjórnarhérað sem svæði sem er laust við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*.
- 7) Spánn tilkynnti framkvæmdastjórninni um uppkomu sýkingar af völdum blátunguveiru (sermigerð 4) í sjálfstjórnarhéraðinu Islas Baleares og síðar um uppkomu til viðbótar sem hafa áhrif á landsvæðin Sierra Oriental og Sierra Occidental í sýslunni Huelva, landsvæðið Sierra Norte í sýslunni Sevilla og landsvæðin Azuaga, Badajoz, Mérida, Jerez de los Caballeros og Zafra í sýslunni Badajoz. Þar eð sjálfstjórnarhéraðið Islas de Baleares, landsvæðin Sierra Oriental og Sierra Occidental í sýslunni Huelva, landsvæðið Cazalla de la Sierra (Sierra Norte) í sýslunni Sevilla og, óbeint sem hluti sjálfstjórnarhéraðsins Extremadura, landsvæðin Azuaga, Badajoz, Mérida, Jerez de los Caballeros og Zafra eru öll skráð sem sjúkdómalaus svæði í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að fella þau brott úr þeirri skrá.
- 8) Portúgal tilkynnti framkvæmdastjórninni um uppkomu sýkingar af völdum blátunguveiru (sermigerð 4) á landsvæðinu Alentejo og síðar um uppkomu til viðbótar í héraðinu Santarém á landsvæðinu Lisboa e Vale do Tejo. Þar eð Alentejo í heild sinni og héraðið Santarém, sem hluti af Portúgal, eru óbeint tekin með sem svæði með sjúkdómalaus stöðu í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að undanskilja landsvæðið Alentejo og héraðið Santarém frá þeirri skrá.
- 9) Finnland tilkynnti framkvæmdastjórninni um uppkomu meindýrasmits af völdum *Varroa* spp. í sveitarfélaginu Brändö á Álandseyjum. Álandseyjar eru skráðar sem svæði með sjúkdómalaus stöðu í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Finnland upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að á grundvelli faraldsfræðilegrar rannsóknar hafi uppkoman ekki haft áhrif á önnur sveitarfélög. Fella ætti sveitarfélagið Brändö brott úr skránni yfir sjúkdómalaus svæði.
- 10) Danmörk tilkynnti framkvæmdastjórninni um nýlegar uppkomur lagardýrasjúkdómsins iðradreps (IHN) á vatnsöflunarsvæðunum Varde Å og Kolding Å og í sleppivatninu Hove Kalkgrav. Þessi svæði falla sem stendur undir yfirráðasvæði Danmerkur sem er skráð sem sjúkdómalaust í I. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Af þessum sökum ætti að breyta I. hluta XIII. viðauka til að undanskilja þessi sýktu svæði frá sjúkdómalausum yfirráðasvæði Danmerkur.
- 11) Finnland hefur lokið við útrýmingaráætlun vegna iðradreps með góðum árangri, sem náði yfir hólf í II, Kuivaniemi og svæðin fjögur Virmasvesi, Nilakka, Saarijärvi og Pielinen, og gaf síðan yfirlýsingu um sjúkdómaleysi í samræmi við 83. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 varðandi þetta hólf og þessi svæði. Því er rétt að undanskilja þau ekki lengur frá því yfirráðasvæði þessa aðildarríkis sem er laust við iðradrep. Því ætti að breyta I. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til samræmis við það.
- 12) Því ætti að breyta II., VIII., IX. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., VIII., IX. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., VIII., IX. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslunnar fyrir Spán í I. hluta II. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirlýðing
„Spánn	Comunidad Autónoma de Canarias Comunidad Autónoma de Galicia Comunidad Autónoma del Principado de Asturias“

2. Í stað færslunnar fyrir Spán í I. hluta VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

a. Eftirfarandi svæði falla brott:

„Comunidad Autónoma de Islas Baleares“, „Sýslan Huelva, eftirfarandi landsvæði: Aracena (Sierra Oriental) og Cortegana (Sierra Occidental)“, „Sýslan Sevilla, eftirfarandi landsvæði: Cazalla de la Sierra (Sierra Norte)“ í „sjálfsstjórnarhéraðinu Andalucía“.

b. Í stað færslunnar fyrir „Comunidad Autónoma de Extremadura“ kemur eftirfarandi:

„Comunidad Autónoma de Extremadura, nema eftirfarandi landsvæði: Azuaga, Badajoz, Mérida, Jerez de los Caballeros og Zafra í sýslunni Badajoz“.

3. Í stað færslunnar fyrir Portúgal í I. hluta VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirlýðing
„Portúgal	Allt yfirlýðing, nema landsvæðin Algarve og Alentejo og héraðið Santarém á landsvæðinu Lisboa e Vale do Tejo“

4. Í stað færslunnar fyrir Finnland í IX. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirlýðing
„Finnland	Álandseyjar, nema sveitarfélagið Brändö“

5. Í stað færslunnar fyrir Danmörku í I. hluta XIII. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirlýðing
„Danmörk	Allt yfirlýðing, nema svæðið umhverfis Hove Kalkgrav í allt að 1 km fjarlægð frá miðju vatnanna og vatnsöflunarsvæðin Rohden Å, Sneum Å, Vidå, Lindenberg Å, Århus Å, Varde Å, Kolding Å“

6. Í stað færslunnar fyrir Finnland í I. hluta XIII. viðauka kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Finnland	Allt yfirráðasvæðið, nema hólf strandlengjunnar sem samanstendur af þeim hlutum sveitarfélaganna Föglö, Lumparland, Lemland og Vårdö sem eru innan hrings með 11,466 km radíus, með miðpunkt í WGS84-hnitunum Lat 60,013565060°, Lon 20,317617393 ⁰⁴ “